

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði 19. mars 2014

Badmintonfélag Hafnarfjarðar fagnar þeirri ákvörðun bæjarstjórnar að leiðrétta skerðingu framlags til íþróttafélagana sem ákvörðuð var kjölfar efnahagshrunsins og samningsgreiðslur hækkaðar frá því sem nú er.

Eins og áður hefur komið fram hefur Badmintonfélag Hafnarfjarðar ítrekað óskað eftir viðræðum við bæinn um endurnýjun á samningi við félagið þar sem óskað er eftir því að tekið verði tillit til þeirrar aukningar á starfsemi sem verið hefur í félaginu. Staða félagsins er því miður þannig að nauðsynlegt hefur verið að vísa frá tugum barna sem óskað hafa eftir að æfa á vegum félagsins vegna aðstöðuleysis.

Á fundi með bæjarstjóra síðastliðið haust var ákveðið að leysa vanda borðtennisdeildar félagsins með því að afhenda félaginu Álfafell til afnota. Sú ráðstöfun hefur verið farsæl fyrir deildina og m.a. eignaðist félagið fyrsta Íslandsmeistarann í borðtennis í unglingsflokki í vetur. Notkun félagsins á Álfafellinu eru þó nokkur takmörk sett, sem aftrað hafa því að salurinn hafi nýst til tekjuöflunar eins og hugmyndir voru uppi um, á þeim tíma sem félagið nýtir ekki salinn. Á það t.d. við um aðgengi að húsinu á lokunartíma o.fl.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar nýtir meirihluta þeirra tíma sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar úthlutar í Íþróttahúsinu við Strandgötu sem úthlutað er til félaga innan þeirra vébanda. Þá hefur félagið jafnframt haldið þau badmintonmót sem félagið heldur árlega í húsinu. Fyrir utan Badmintonfélag Hafnarfjarðar hefur Knattspyrnufélagið Haukar einnig haft aðstöðu fyrir æfingar í húsinu og um helgar hefur húsið verið nýtt fyrir ýmis íþróttamót.

Í vor er ætlunin að taka í notkun íþróttahús fyrir frjálsar íþróttir sem á móti losar eitthvað um tíma í öðrum í íþróttahúsum bæjarins. Því miður eru þessi íþróttahús ekki hentug fyrir badminton s.s. Íþróttahúsin á Ásvöllum og í Kaplakrika sem leggja megináherslu á handknattleik og körfuknattleik (merkingar á gólfi gera það að verkum að mjög óhagkvæmt er að vera með badmintonæfingar í húsunum). Það er því fyrirséð að sú aukning sem verður á úthlutuðum tímum til íþróttafélaganna sem augljóslega verður í framhaldi af opnun nýs íþróttahúss, hefur það í för með sér að BH fær enn fleiri tíma til afnota í Íþróttahúsinu við Strandgötu á komandi hausti.

Vegna þessara breytinga sem eru í farvatninu, ítrekum við fyrri ósk félagsins um endurskoðun á samningi félagsins við Hafnarfjarðarbæ. Uppbygging fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar hefur verið í forgangsröð Íþróttabandalags Hafnarfjarðar á annan áratug og hefur félagið lagt til að Íþróttahúsið við Strandgötu verði sú aðstaða sem félagið fá til afnota. Það er mat okkar í stjórn Badmintonfélags Hafnarfjarðar að hægt sé að ná verulegri hagræðingu og bættri þjónusta í starfi félagsins ef félagið fær íþróttahúsið við Strandgötu til rekstrar. Sá draumur okkar að geta ráðið íþróttafulltrúa til starfa gæti orðið að veruleika, ef samræmt yrði starf forstöðumanns og íþróttafulltrúa félagsins og þannig yrði kostnaðarauki bæjarins vegna samningsins óverulegur. Aftur á móti yrði þjónusta félagsins við bæjarbúa stórbætt.

Ef það er ekki stuðningur við það fyrirkomulag að Íþróttahúsið við Strandgötu verði íþróttahús Badmintonfélags Hafnarfjarðar, er án efa efst á forgangslista Íþróttabandalags Hafnarfjarðar að byggt verði íþróttahús fyrir badmintoniðkendum í Hafnarfirði. Göngum við útfrá því að forysta ÍBH styðji þær

fyrirætlanir áður en farið verður í aðrar framkvæmdir fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði, hvort sem um er að ræða flýtiframkvæmdir eða aðra samninga um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar hefur fengið viðurkenningu Íþróttá-og Ólympíusambands Íslands sem fyrirmyndarfélag og leggur áherslu á að bjóða uppá þjálfara sem lokið hafa viðurkenndum námskeiðum. Iðkendur félagsins eru á öllum aldri og er nokkuð jöfn dreifing iðkenda á milli kynja. Í stjórn Badmintonfélags Hafnarfjarðar eru 3 karlar og 3 konur. Félagið er skuldlaust og hefur skilað ársreikningum og gert grein fyrir ráðstöfun þeirra styrkja sem félagið hefur fengið.

Með von um jákvæðar undirtektir og fund sem fyrst.

Virðingarfyllt,

---

Hörður Þorsteinsson (sign)  
Formaður Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Afrit sent:  
Formanni fjölskylduráðs, Margrét Gauja Magnúsdóttir